

31.05.2007.

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk, sem haldinn er fimmtudaginn 31. maí 2007 ályktar eftirfarandi:

Landnemar vekja athygli stjórnar Skógræktarfélags Reykjavíkur á þeirri óvenjulegu og óásættanlegu stöðu, sem þeir eru í gagnvart Skógræktarfélagi Reykjavíkur og landeiganda á Fellsmörk vegna ófrágenginna samninga um landsréttindi og óvissu um stöðu sína eftir allt að 18 ára landnám þar.

Landnemar beina því þeim tilmælum til stjórnar Skógræktarfélags Reykjavíkur að samningar við félagið og einstaka félagsmenn verði uppfylltir og staðið sé við ákvæði samninga um ákvarðanatöku og rekstur á landnemasvæðinu og loforð um aðskilnað í reikningshaldi vegna ráðstöfunar leigutekna á svæðinu.

Gengið verði frá ófrágengnum landnemasamningum með hnitsetningu landnemaspilda og séð til þess að leigutekjur frá landnemum gangi til greiðslu beinna útgjalda vegna reksturs jarðanna Fells og Keldudals og uppbyggingar og viðhalds vega, ræsa og girðinga á Fellsmörk. Annað er brot á leigusamningum milli landnema og Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur óvænt slitið samningaviðræðum við Félag landnema á Fellsmörk um yfirtöku landnemafélagsins á rekstri og umsjón Fellsmerkur, sem staðið hafa með hléum í þrjú ár. Landnemar, sem jafnframt eru félagar í Skógræktarfélagi Reykjavíkur, ítreka kröfu um að gengið verði frá sameiginlegri yfirlýsingu og samkomulag aðila vegna sölu Álftagrófar og samningum félaganna um yfirtöku félags landnema á rekstri og umsjón Fellsmerkur.

<u>Ólafur B. Ólafsson</u>	<u>Þelma Halldóttir</u>
<u>Þórgunn Salómonsson</u>	<u>Guðmaður Sigurðsson</u>
<u>Andri Snær Oddsson</u>	<u>Reyja Kristjánsson</u>
<u>Helga Símonsdóttir</u>	<u>Steflói Pálsson</u>
<u>Halldór Elíasson</u>	<u>Lýgur Mái Gunnarsson</u>
<u>Þórunn Þ. Þorvaldsson</u>	<u>Sigurður Guðmundsdóttir</u>
<u>Þórunn Þ. Þorvaldsson</u>	<u>Sigrún E. Magnúsdóttir</u>
<u>Kristín Helgadóttir</u>	<u>Ólafur Ragnar Sigmundsson</u>
<u>Sigrún Magnúsdóttir</u>	<u>Þórunn J. Þórunnsson</u>
<u>Þórunn Þ. Þorvaldsson</u>	
<u>Þórunn Þ. Þorvaldsson</u>	